

Leiðbeiningar við leit í einkaleyfaskrá

Umsóknarnúmer: Umsóknarnúmer vísar ýmist í umsóknarnúmer umsókna (auðkennt með forskeytinu "IS") eða númer evrópskra einkaleyfa sem staðfest eru eða tilnefnd til staðfestingar á Íslandi (samhljóða evrópska birtingarnúmerinu og hefjast á forskeytinu "EP").

Staða: Reiturinn sýnir lagalega stöðu umsóknar. Dagsetningin sýnir þann dag er gagnagrunninum var breytt, dagsetningin þarf því ekki að vera sú sama og lagaleg dagsetning, þ.e. sú dagsetning sem kemur fram í birtingu tilkynningar í ELS-tíðindum. Dagsetningar sem birtast í ELS-tíðindum eru því ávallt þær sem gilda sem lagalega réttar dagsetningar.

Umsóknardags: Dagsetningin segir til um þann dag sem umsókn var móttækin hjá Einkaleyfastofunni. Þessi dagsetning er ekki í öllum tilvikum samhljóða gildisdagsetningu umsóknar.

Dags. birt aðgengileg: Dagsetningin á við um umsóknir og sýnir þann dag er tilkynning var birt í ELS-tíðindum um að umsókn væri gerð aðgengileg.

PCT númer: Birtingarnúmer alþjóðlegrar umsóknar sem viðkomandi umsókn byggir á.

PCT umsóknardags: Alþjóðlegur umsóknardagur þeirrar alþjóðlegrar umsóknar sem viðkomandi umsókn byggir á.

Númer einkaleyfis: Reiturinn á við umsóknir og sýnir einkaleyfisnúmer viðkomandi umsóknar. Forskeytið „EL“ er eingöngu hér til glöggvunar og til að aðgreina númerið frá umsóknarnúmerinu. Forskeytið er ekki notað í öðrum tilvikum.

Dags. veitingar: Reiturinn á við umsóknir og sýnir þann dag sem umsókn var veitt sem einkaleyfi.

Dags. birt veitt: Reiturinn á við umsóknir og sýnir þann dag sem tilkynning um veitingu var birt í ELS-tíðindum.

Titill: Þarfnast ekki skýringar.

Umsækjendur: Þarfnast ekki skýringar.

Uppfinningamenn: Þarfnast ekki skýringar.

Forgangsréttur: Sýnir þann forgangsrétt frá eldri umsókn sem byggt er á.

Umboðsmaður: Sýnir hver kemur fram fyrir hönd umsækjanda/einkaleyfishafa varðandi umsóknina/einkaleyfið.

Hlutunarumsókn/frumumsókn: Sýnir þá umsókn sem viðkomandi umsókn hefur verið hlutuð úr (frumumsókn) eða þá umsókn sem hlutuð hefur verið úr viðkomandi umsókn (hlutunarumsókn). Í þennan reit kann að vanta upplýsingar.

Úrfelling: Sýnir þá umsókn sem viðkomandi umsókn hefur verið felld úr eða þá umsókn sem felld hefur verið úr umsókninni. Í þennan reit kann að vanta upplýsingar.

Tækniflokkun: Sýnir röðun umsóknar í flokka eftir tæknisviði í samræmi við alþjóðlega einkaleyfisflokkunarkerfið (The International Patent Classification) sem Alþjóðahugverkastofnunin (WIPO) heldur úti.

Árgjöld: Sýnir hvaða árgjöld hafa verið greidd af umsókninni/einkaleyfinu og gjalddaga árgjalda.

Andmæli: Sýnir þann dag sem andmæli voru lögð inn og niðurstöður andmælamáls. Í þennan reit kann að vanta upplýsingar.

Áfrýjun: Sýnir dagsetningu áfrýjunar ákvörðunar Einkaleyfastofunnar og niðurstöður þess máls. Í þennan reit kann að vanta upplýsingar.

Umsókn tekur til líffræðilegs efnis: Hér er tiltekið hvort umsókn taki til varðveitts sýnis af líffræðilegu efni. Í þennan reit kann að vanta upplýsingar.

Umsókn inniheldur auðkenni raða: Hér er tiltekið hvort umsókn innihaldi sérstakan lista með auðkenni raða. Í þennan reit kann að vanta upplýsingar.

EP umsóknarnúmer: Evrópskt umsóknarnúmer viðkomandi evrópsks einkaleyfis.

EP umsóknardags.: Evrópskur umsóknardagur viðkomandi evrópsks einkaleyfis, gildisdagur umsóknar.

EP birtingardags.: Sá dagur sem evrópskt einkaleyfi var birt sem veitt.

EP einkaleyfi veitt: Sá dagur sem evrópska einkaleyfið var veitt hjá Evrópsku einkaleyfastofunni.

Birtingardags. EP staðfestingar: Sýnir þá dagsetningu þegar tilkynning var birt í ELS-tíðindum um að evrópska einkaleyfið hefði verið staðfest á Íslandi.

Viðbótarvottorð: Sýnir hvort sótt hafi verið um viðbótarvernd á grundvelli einkaleyfisins umfram 20 ára gildistíma þess.